

REGLUGERÐ

116

12. maí

um

breytingu á fjallskilareglugerð Dalasýslu frá 17. ágúst 1923.

1. gr.

Við fyrstu málsgr. 1. gr. bætist: Enginn má hafa afeyrt að marki.

2. gr.

Í stað orðanna í upphafi 3. gr.: „Ef einn eða fleiri“ komi: — Ef þrír eða fleiri. Við niðurlag sömu gr. bætist: Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

3. gr.

Í stað orðanna í annari málsgr. 10. gr.: „Til þess að sækja fé í réttir utanhrepps“ komi: Til þess að sækja sauðfé og hross í réttir utanhrepps.

4. gr.

11. gr. fjallskilareglugerðarinnar orðist svo: Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kindur eða ótamið hross, hvort sem það er í heimahögum eða ekki. Skal hver leggja til fjallskila það, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefndin skal meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, og ber að jafna því gjaldi niður á alla þá, er fjallskilaskyldir eru, eftir réttu hlutfalli; nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Skal jafnt auratal lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Þegar fjallskil einhvers nema hálfu dagsverki eða meiru, á hreppsnefnd heimting á, að hann leggi mann til fjallskila, ef þörf krefur. Reki maður fénað sinn í aðra hreppa, skal hreppsnefnd færa niður fjallskil hans að nokkru. Full fjallskil greiðist af því fé, sem utanhreppsmenn reka til sumargöngu í hreppinn, og ber sá, er tekur fénaðinn, ábyrgð á greiðslunni. — Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt, gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum.

Tekjum fjallskilasjóðs skal varið til að greiða kostnað við fjallskil á hausti og vori, gæzlukostnað á úrtiningsfé o. fl., eftir ákvæðum hreppsnefndar. Hreppsnefnd gerir, fyrir 15. jan. ár hvert, reikning fjallskilasjóðs, sbr. 25. gr. sveitarstjórnarlaganna 31. maí 1927.

Tekjur fjallskilasjóðs hafa lögtaksrétt.

5. gr.

Við 13. gr. bætist: Fé, sem finnst í þriðju leit eða síðari leitum, skal ganga í rekstrum bæ frá bæ, stytztu leið til eiganda, sbr. 28. og 30. gr.

116

12. maf

Önnur málsgr. 14. gr. falli burt, en í stað hennar komi ný málsgr. svo-
hljóðandi: Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leit-
armanna í hans flokki telur óhæfan, sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa
honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins
og hann hafi engan sent. Sama gildir og um þann, er sendir ófullgildan mann
í útréttir; auk þess greiði hann sekt.

6. gr.

7. gr.

Í stað orðanna í 15. gr. 1. málsgr.: „Fullgilda menn“ komi: mann.

8. gr.

Á eftir orðunum í 24. gr. „Ef enginn sannar eignarrétt sinn á þeim“
bætist: þó skal, ef lömb eru, fara með þau sem ómerkinga, sbr. 23. og 27. gr.

9. gr.

Á eftir orðunum í síðari málsgr. 26. gr.: „Skal ganga tafarlaust bæ frá
bæ beinustu leið til eiganda“, bætist: Stöðvist rekstur á bæ að degi til, skal
honum haldið til beitar, ef fært er veður.

10. gr.

Í stað orðanna í fyrri málsgr. 28. gr.: „En í Hörðudalshreppi laugar-
daginn í sömu viku“ komi: En í Hörðudalshreppi föstudaginn í sömu viku.

11. gr.

32. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Ein vorleit skal fara fram í öllum hreppum sýslunnar mánudaginn í 10.
viku sumars. Enginn má reka lambær til fjalls, fyrr en eftir vorleit.

12. gr.

Fyrri hluti 33. gr. út að orðunum: „Það fé“ orðist þannig: Allt það sauð-
fé í ullu og ær með ómörkuðum lömbum, sem finnst í hinni fyrirskipuðu
vorleit, skal rekið heim til næstu bæja og skilið þar sundur, eftir vild
fjáreigenda.

13. gr.

Á eftir orðunum í 36. gr.: „Reka þau beint til eiganda,“ bætist: eða
þeirra, er tekið hafa hrossin til sumargöngu.

14. gr.

37. gr. reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Öllum ótömdum hrossum skal smalað til rétta í annari leit. Þó er Hörð-
dælingum heimilt að smala hrossum til fyrstu réttar. Með óskilahross, skal farið
sem óskilakindur; þó skulu þau seljast með þriggja vikna auglýsingarfresti

fyrir sölundag og 9 vikna innlausnarfresti, eftir sölundag. Hross eru ekki í á- **116**
byrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum. Gjaldfrestur á söluverð- 12. maí
inu sé einnig 9 vikur. Kostnað allan greiðir eigandi.

15. gr.

Á eftir 37. gr. fjallskilareglugerðarinnar komi nýr kafli svo hljóðandi:

VIII. KAFLI

Um sláturfé.

38. gr.

Á sláturfénaði eða öðrum förgunarfénaði skal rekstrum hagað svo, að þeim sem búa á löndum, sem um er rekið, eða áð er í, verði sem minnstur bagi að, og skulu hverjum rekstri fylgja nægilega margir rekstrarmenn. Áður en fé er aflífað á slátrunarstöðum, eða selt á markaðsstöðum, skal mark-glöggur maður, annar en eigandi, athuga mark á hverri kind. Allt markaðsfé skal, um leið og það er keypt, merkja glögggu og haldgóðu rekstrarmerki.

16. gr.

VIII. kafli reglugerðarinnar: „Um brot o. fl.“ verði IX. kafli: „Um brot o. fl.“. 38. gr. verði 39. gr. og ístað orðanna: „Frá 2 til 100 krónur“ komi: frá 5 til 200 krónum.

39. gr. verði 40. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.